

Stjórnarfundur Dvalarheimilis aldraðra – Hvamms

30.6.20

Mætt á Teams: Kristján Þór Magnússon, Arnór Benónýsson, Sigurður Guðni Böðvarsson, Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson, Heiðbjört Ólafsdóttir, Bylgja Steingrímsdóttir, Áslaug Halldórsdóttir, Hildur Sveinbjörnsdóttir, Jón Helgi Björnsson

Fundur settur kl 10:00.

Fundargerð

1. Skipun formanns

Arnór Benónýsson gerir þá tillögu að Kristján Þór Magnússon verði skipaður formaður stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

2. Rekstur DA – staða og viðbrögð

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu rekstrarins sem sýnir 20% frávik á launakostnað á hjúkrunarheimilinu Hvammi og lægri tekjur. Nokkrir þættir spila þar stærstan þáttinn, þ.e. aukinn launakostnaður vegna covid-19 faraldursins, veikindi starfsmanna, neikvæð áhrif RAI-mats á tekjur heimilisins en þyngd þjónustunnar í dag er ekki til samræmis við matið byggir á stöðunni eins og hún var í Hvammi frá miðju ári 2018 fram til júní í fyrra. Sömuleiðis er mikill halli á rekstri Stórumarkar á Kópaskeri en aðeins helmingur mögulegra dagvistarrýma eru nýtt þar að jafnaði. Mikilvægt er að taka á þáttum er snúa að þjónustu við búseturéttarhafa og kostnaði við þá þjónustu.

Stjórn samþykktir að framkvæmdastjórn gangi til þeirra hagræðingaraðgerða sem farið var yfir á fundinum til að mæta fyrirséðum halla í rekstri heimilisins. Meðal annars að segja upp starfsfólki á Stórumörk til að endurskipuleggja þann rekstur. Þá skal boða fund meðal búseturéttarhafa og kynna fyrir þeim hækkun á þjónustugjöldum vegna hækkunar á rekstrarkostnaði. Jafnframt er formanni og framkvæmdastjóra falið að óska eftir fjölgun hjúkrunarrýma við Hvamm enda er hvergi á Norðurlandi lengri bið eftir hjúkrunarrými.

Ljóst er að viðbragðs er þörf strax eigi sveitarfélögin ekki að fá óásættanlegan bakreikning varpað á sig í lok árs.

Fundi slitið 10:55.